

það, að dómsmálastjórnin hefir í dag ritað utanríkisstjórninni um, að fara þess á leit við stjórnina í Noregi, að skora á tæðan skipherra, að greiða sjálfviljugur eptir málavöxtum 50 ríkisdala sekt fyrir þetta lagabrot sitt.

1868.

26. marz.

14. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um brúkun eittraðra skeyta við hvalaveiðar.

27. marz.

Útaf auglýsingu frá danska fiskiveiðafélaginu, er stóð í 7.—8. blaði Þjóðólfs frá 23. desembermán. f. á., sem kemur út í Reykjavík, um að fiskifélagið ætli sèr nú í ár að hafa þesskonar skeyti til að drepa hvali með, er gjöri þá óæta bæði fyrir menn og skepnur, og eru allir því varaðir við að færa sèr þá hvali í nyt, er drepnir verða á þenna hátt, hafið þèr, herra stiptamtmaður, í tveim brèfum, öðru dagsettu 29. og hinu 30. desembermán. f. á., skotið til stjórnarráðsins að gjöra ráðstafanir þær, er geti verndað líf og heilbrigði landsmanna, þeirra er búa meðfram ströndunum, fyrir hættu þeirri, er þeim virðist vera búin, ef að það er áform tæðs félags að drepa hvalina með eitruðum vopnum.

Stjórnarráðið leitaði skýrslu fiskifélagsins um þetta áform þess, og skýrði það frá í bréfi 7. f. m., er fylgir hér með í eptirriti, að félagið því að eins, að öll önnur viðleitni til að gjöra hvalaveiðarnar arðsamar mistakist, ætli sèr að gjöra tilraunir með skeytum fylltum með eitri, og ef að það reynist af tilraunum á skepnum að vera hættulegt að neyta kjötsins af hvölum, sem drepnir eru á þenna hátt, þá muni félagið gefa frá sèr að drepa þá á eitri. Stjórnarráðið fékk því næst skýrslu frá hinu konunglega heilbrigðisráði, er einnig fylgir í eptirriti með bréfi þessu, og skoraði það á stjórnarráðið að gjöra allt hvað það gæti til að sporna við, að slík veiðiaðferð væri höfð á þeim stöðvum, er búast mætti við, að dauðir hvalir kynnu að reka þaðan upp á strendur, þar sem eru mannabygðir og

1868.

27. marz.

sérilagi upp á strendurnar á Íslandi, með því heilbrigðisráðið álitur mjög svo hættulegt að neyta kjöts af hvölum, sem drepnir eru á þenna hátt, og finnst ekki nægileg trygging í því boði fiskifélagsins, að gjöra fyrst tilraunir á skepnum með kjötinu. Stjórnarráðið lét síðan fiskifélaginu í ljósi álit heilbrigðisráðsins á málefni þessu og gat þess um leið, að stjórnarráðið efaðist ekki um, að fiskifélagið í tilefni af því mundi slá frá sér að brúka eitruð skeyti til hvalaveiðanna í kringum Ísland. Fiskifélagið svaraði þessu samt sem áður í bréfi 22. f. m., er fylgir hér með í eptirriti, á þá leið, að enn sem komið væri gæti sér ekki fundizt tilefni til að gefa frá sér tilraunir þær, sem það hafði boðað í þessu efni, og leitaðist um leið við að færa sönnur á, að þessi veiðiaðferð væri hvorki í sjálfri sér þess eðlis, að hún að sinni hyggu gæti stofnað Íslendingum í neinn lífsháska, og því síður, þegar félagið hefði undirbúið mállefnið, eins og það hefði gjört. Loks gaf stjórnarráðið heilbrigðisráðinu færi á að láta í ljósi álit sitt um svar fiskifélagsins, og skýrði heilbrigðisráðið þá frá í bréfi 14. þ. m., er fylgir hér með í eptirriti, að það fyndi ekki fyrir það ástæðu til að breyta álitu því, er það hafði áður látið í ljósi um málið, að því leyti sem það frá sínu sjónarmiði ætti að leggja dóm á það. Að endingu hefir stjórnarráðið í dag beðið generalprókúrörinn um að segja álit sitt um, hvort og að hve miklu leyti stjórninni geti álitizt heimilt að banna fiskifélaginu danska að hafa veiðiaðferð þá, sem hér er um rædt.

Þú Jafnframt og yður, herra stiptamtmaður, er gefið þetta til vitundar, skal því skotið til yðar, hvort yður finnst tilefni til að gjöra inntakið í framannefndum skýrslum heyrum kunnugt.

Fylgiskjöl.

1. Bréf fiskiveiðafélagsins danska til dómsmálastjórnarinnar, dagsett 7. febrúarmánaðar.

Útaf bréfi hins háa stjórnarráðs 1. þ. m. leyfum vör oss, jafnframt og vör sendum aptur skjöl þau, er því fylgdu, að fara nokkrum orðum um málefni það, sem þar er um rædt, að

1868.

27. marz.

drepa hvali á eitri, og skýra frá, hverskonar eitur haft er í hyggju að brúka.

Með því að hvalaveiðarnar ekki heppnuðust fêlaginu vel í fyrra, varð það að taka til ihugunar að beita hverju því bragði, er líklegt þækti að styddi að því, að áformið hefði betri árangur, og þar á meðal bar á góma, ef til vildi, að brúka eitur. Academie des sciences á Frakklandi gaf árið 1866 nákvæma skýrslu um eitrið og brúkun þess, og sést á henni, að þessi aðferð til að drepa hvali hefir heppnast vel við strendurnar á byggðum löndum í öðrum heimsálfum, t. a. m. Kaliforníu, Kamschatka og Ástralíu, án þess að hún hafi ollað neinum slysum, hvorki mönnum þeim, hem hafa brúkað eitrið til þess að drepa hvalina með, nè heldur, að menn vita, þeim, sem hagnýta sér hvali, er reka upp á strendurnar, og ekki hefir heldur stjórninni í neinu af hinum miklu sjóveldum fundizt ástæða til að banna þessa aðferð að drepa hvali. Vegna þessa gat fêlagið ekki vílað fyrir sér, meðal annara veiðibragða, er það hugsaði sér að hafa við til þess að framkvæma áform sitt, að brúka eitur, ef svo bæri undir, en þó ekki fyr en í síðustu lög.

En þegar sá okkar undirskrifaðra, sem er framkvæmdarforstjóri fiskifêlagsins, fór frá Íslandi í haust, var honum ekki fullkunnugt um áhrif slíks eiturs, þá er það hefði læst sig um hvalina, og hann áleit það því skyldu sína, að minnsta kosti áður en farið væri að brúka eitrið, að gjöra það heyrum kunnugt á Íslandi, og að borga landsmönnum út í peningum andvirðið fyrir þann hluta af hvölunum, er reka á land, sem er eign þeirra. Þegar hann talaði við menn í þeim hêruðum landsins, þar sem hann dvaldi, um málefni þetta, létu þeir í ljósi, að þeir væru ánægðir með 3 rd. í peningum fyrir hverja alin af hvölunum, þar sem menn fengju þessa borgun án þess að þurfa að vanrækja aðra vinnu, sem á lægi, og án annarar fyrirhafnar, en að festa hvalinn á land og gefa vitneskju um það.

Á frêttum þeim, sem nýlega eru komnar frá Íslandi, sést samt, að menn í öðrum hêruðum landsins, bæði embættismenn-

1868.
27. marz.

irnir og landsmenn hafa orðið næsta áhyggjufullir útaf auglýsinguinni. Framfarir og hagur Íslands er eitt af augnamiðum félagsins, og það mundi spilla hinu góða samkomulagi, sem vér einnig eptirleiðis viljum að viðhaldist meðal vor og Íslendinga, ef vér nú færum að ráðast í nokkuð það, er gæti skert hagsmuni landa okkar þar norðurfrá. En það er á hinn bóginn mjög líklegt, að það muni svo lítið um eitur það, er á þenna hátt læsir sig um hvalina, að það geti ekki haft nein skaðsamleg áhrif á þá, sem neyta kjötsins. Ef vér gætum alveg komizt hjá að brúka eitur, þá er það vitaskuld, að vér mundum kjósa það helzt, því sè nokkrum háski búinn af því, þá er líklegt að það sè helzt þeim, er brúka það til að drepa með. Ef að hvalirnir ekki nást, þá volkast þeir nokkra daga fram og aptur í sjónum, áður en þeir reka á land, og á meðan mun eitrið, eins og salt sem rennur (viðlíka og matreiðslusalt), að mestu leyti vera búið að skolast út í vatnið, svo að það verður að öllum líkindum háskalaust að neyta kjötsins. Ef að öll vidleitni til að fá góðan árangur af hvalaveiðunum misheppnast, sem vér þó vonum að ekki verði, er það því áform vort, undir eins og vér erum komnir til Íslands, að gjöra tilraun til að drepa nokkra hvali á eitri, og ef það tekst, mun verða rannsakað, hvort kjötið er eitrað, með því að láta skepnur, t. a. m. hesta, kýr eða hunda eta það, því hægt er að fá þær til þess. Reynist það hættulaust, eins og öll líkindi eru til, ætlum vér að gefa mönnum vísbendingu um það, en reynist það háskalegt, þá munum vér slá frá oss að drepa hvali á eitri, þó að félagið leggi mikið í sölurnar með því, og óðara auglýsa það.

Eitur það, sem vér ætlum að brúka við stærstu hvalina, samanstendur af 27,5 grömmum af strykníni og 2,5 grömmum af kúrare, hvorttveggja mulið í dupt, og þeirrar tegundar, sem fljótast rennur og samlagast vatni.

2. Bréf hins konunglega heilbrigðisráðs til dómsmálastjórnarinnar, dagsett 18. febrúarmánaðar.

Í bréfi 11. þ. m. hefir hið heidraða stjórnarráð skýrt heilbrigðisráðinu frá, hvað fram hefir farið útaf því, að danska fiskifélagið ætlar sèr, eptir því sem það segir í auglýsingu í

1868.
27. marz.

blaðinu Þjóðólfi, er kemur út í Reykjavík, að brúka eitur í skeytum þeim, sem ætluð eru til að drepa hvali með, og vegna hættu þeirrar, er menn eru hræddir um að búinn sé mönnum og skepnum, þeim er neyta kjötsins af hvölum, sem drepnir eru á þenna hátt, hefir stjórnarráðið beiðzt álitsskjals frá heilbrigðisráðinu um málefni þetta.

Um leið og heilbrigðisráðið sendir aptur skjöl þau, er það fékk, skal þess getið, að í eiturblöndu þeirri, sem á að nota við hvalaveiðarnar samkvæmt skýrslu fiskifélagsins, er að vísu ekki svo mikið af aðalefninu, strykníni, í samanburði við líkamsstærð dýra þeirra, sem eiturblandan er ætluð, að neinn háski gæti væri búinn af að neyta kjötsins af því dýri, sem drepð væri með þessu eitri, og meira að segja, menn mundu varla kenna eitursins að neinum mun, ef búizt yrði við, að það samlagadist alveg líkama dýrsins og dreifðist um hann allan. En hér er svo varið, sérílagi vegna aðferðar þeirrar, sem á að hafa til að koma eitrunu inn í líkama hvalanna, að engin vissa er um, að það samlagist á þenna hátt og dreifist um hvalinn, það er jafnvel líklegt, að meiri hluti eitursins haldist saman sumstaðar, og þá einkum í sárinu sjálfu og í kringum það, og eptir lögun þeirri, sem búast má við að verði á sárinu, sem púðurkúlan myndar þegar hún springur, er enganvegin vís, að sjórinn skoli allt eitrið burtu úr því. Það getur því orðið jafnvel mjög svo hættulegt að neyta kjötsins af dýrinu þar sem það er svona eitrað, og menn geta ekki reidt sig á, að remmu-bragðið verði æfinlega nógu fráfallandi. Hitt efnið í eiturblöndunni, kúrare, er mjög háskalegt eitur fyrir þann, sem sker í kjöt, er eitrað er með því, og mönnum er enn ókunnugt um, hversu lítið þarf af því, til þess að það verði þeim manni banvænt, er meingast af því.

Þó að menn hafi ekki fengið fregnir frá ströndunum á Kamschatka, Kalíorníu og Ástralíu, þar sem menn vita til að þessi aðferð hafi verið höfð, um að hún hafi haft neinar háskalegar afleiðingar, þá er vitaskuld að það er engin sönnun um að hún sé hættalaus, og ekki er heldur nægileg trygging í því boði fiskifélagsins, að gjöra fyrst tilraunir á nokkrum

1868.
27. marz.

hvölum; það mundi þurfa langa runu af tilraunum og mjög yfirgripsmikla reynslu til að komast að fastri niðurstöðu í þessu efni.

Heilbrigðisráðið hlýtur því að skora á stjórnina, að gjöra það sem í hennar valdi stendur til þess að stemma stigu fyrir, að þessi veiðiaðferð verði höfð um þær stöðvar, þaðan sem búizt verður við að hvalir reki á land þar sem eru mannabyggðir, eða sérílagi uppá strendurnar á Íslandi.

3. Bréf fiskifélagsins til dómsmálastjórnarinnar, dagsett 22. febrúarmánaðar.

Nú er vèr höfum kynnt oss inntakið í bréfi hins háa stjórnarráðs frá 20. þ. m. skulum vèr leyfa oss til frekari skýringar á málefni því, sem þar er um rædt, að bæta enn þá ítarlegri skýringum við skýrslu vora frá 7. febrúarmánaðar.

Þar sem vikið er á í umkvörtunum þeim, sem stjórninni hafa borizt frá Íslandi útaf því, að haft er í hyggju að brúka eitur til að drepa hvali með, að vèr með því mundum gjöra þjóðarvelmegun landsmanna of tilfinnanlegt tjón og svipta þá fæðu, er þeim þykir góð og þeir hingað til hafa haft mikil not af, það er að segja rengi, þá er þessi framburður sprottinn af röngum skilningi á málavöxtunum, eins og þeir í raun rættri eru.

Í sögunum er að vísu getið um, að fyrrum hafi verið stundaðar hvalaveiðar frá Íslandi, eða að minnsta kosti verið gjörðar tilraunir til þess, en nú hefir ekki í margar aldir verið átt neitt við hvalaveiðar af hálfu Íslendinga(!). Þessi mikla þýðing, sem hvalirnir hafa fyrir Ísland, hefir í mörg hundruð ár næstum eingöngu verið í því fólgin, að hafisinn frá Grænlandi, sem rekur á vorin inn undir land að norðan og austan, endrum og sinnum króar hvali inni undir landi og inni á fjörðunum og rekur þá upp á land, því hvalirnir þora ekki að leita út inn undir ísinn, og þegar þeir verða varir við, að þeir eru króaðir inni af ísnum, kjósa þeir heldur að láta fyrir berast milli íssins og lands, meðan auðið er, þangað til ísinn kreppir svo að þeim, að þeir taka botn, og brjótast þar um þangað til þeir drepast eptir marga klukkutíma, og þá fyrst er það, að þeir verða eign

1868.

27. marz.

Íslendinga. Á þessum hvölum hafa Íslendingar allra mesta hag, ekki að eins spikið og mörinn í lýsi, heldur einnig rengið og þvestið til matar. Áður en Vesturheimsmenn og félag vort byrjaði á hvalaveiðunum við Ísland, voru það einkum þessir hvalir, sem höfðu mikla þýðingu fyrir Íslendinga, því að það bar mjög sjaldan við, ef til vill einu sinni annað hvort eða þriðja hvert ár, að sjálfdauðan úldinn hval ræki á land, og þar-
 eð hann var búinn að volkast um langan tíma var kjötið alltaf orðið svo morkið og úldið, að jafnaðarlega var ekki annað eptir en spikið, í öllu falli byrjar ólgan í dauðum hvalskrokki svo fljótt, að þvestið, ekki spikið nè rengið, eptir tvo eða þrjá sólarhringa er hërumbil orðið alveg úldið og næstum óæti fyrir menn og skepnur. Það eru þá, eins og áður er sagt, þeir hvalir, sem vegna íssins ráku upp á Íslandi, sem hingað til höfðu mikla þýðingu fyrir Íslendinga. Að sú þýðing er ekki lítil, getur hið háa stjórnarráð ráðið af því, að oss vitanlega rak, eingöngu vegna íssins, 16 stóra hvali árið 1866 á Skagaströnd, við Húnaflóa, við Horn og á nokkrum öðrum stöðum norðan á Íslandi, og árið 1867 11 stóra hvali í Norðfirði, Miðfirði og Seyðisfirði. Það getur ekki átt sér stað, að menn villist á þessum hvölum, sem koma lifandi á land, brjótast sjálfir um til dauðs og sem landsmenn hafa gætur á, og á rekahvölum, sem kunna að vera drepnir á eitri úti á rúmsjó; og það eru þessir hvalir, sem í mörg ár hafa haft og ennþá hafa nokkra þýðingu fyrir þjóðar-velmegunina á Íslandi, og sem landsmenn vegna afstöðu landsins og landshátta eiga eðlilegan rétt á að eignast, af því að þeir, eins og komið er að orði, eru gjöf frá drottni, án þess að sjálfir þeir þurfi að hafa fyrir að ná þeim eða drepa þá. Nú er Vesturheimsmenn og Danir eru byrjaðir á hvalaveiðum við Ísland, eru þær að vísu orðnar þýðingarmeiri fyrir Íslendinga, þar sem þeir, auk hinna áður nefndu reknu hvala, hafa fengið mjög marga ferska rekahvali af hvölum þeim, sem komast undan frá oss særðir til ólífis, og deyja skömmu eptir, án þess að vèr höfum neina hagsmuni af þeim. Þó að nú allir þessir hvalir væru eitradir og óætir fyrir Íslendinga, þá geta þeir ekki barmað sér yfir neinu, með

1868.
27. marz.

Því að vèr ekki með því að neinu skerðum hinn venjulega tilflutning af hvölum, sem ísinn hefir í för með sèr, og á þeim verður, eins og áður er sagt, ekki villzt og hvölum þeim, sem vèr drepum; og þeim mun minni ástæðu hafa þeir til að bera sig upp undan oss, þar sem vèr þar á ofan bjóðum þeim borgun í peningum út í hönd fyrir að afsala sèr að hagnýta sèr hvali þá, sem þeir ekki hafa átt neinn þátt í að drepa, og sem einasta er þesskonar viðbót við ágóða þann af hvölum, er Ísland frá alda öðli hefir haft, sem er viðleitni vorri að þakka og komin er undir tilviljun. Svona er málefnið varið, ef vèr í raun og veru eitruðum alla þá hvali, sem vèr drepum. Jafnvel þó að svo væri, fáum vèr ekki sèð, að Íslendingar hafi neitt að barma sèr yfir. Nú skulum vèr líta á málefnið, eins og það að öllum líkindum mun verða vaxið.

Árið 1866 skýrði l'academie des sciences ítarlega frá um tilraunir þær, er af Frakka hálfu hafa verið gjörðar til þess að drepa hvali með eitruðum sprengikúlum. Eitrið var tilbúið úr sömu efnum og eptir sama hlutfalli, og vèr höfum til fært. Vísindamaður sá, sem var með á ferðinni, og gaf gætur að tilraununum, skýrir frá, að meðan hann var á hvalaveiða-skipinu hafi verið skotið eitruðum sprengikúlum á 10 hvali, og að þeir hafi allir drepizt eptir nokkrar mínútur. Af 6 af hvölum þessum fékkst lýsi og skíði, og menn, sem voru með rifur og jafnvel nýja skurði í höndunum, komu við og unnu að hvölunum, án þess að nein slys vildu til af því. Tèðum vísindamanni farast enn fremur orð hérumbil á þessa leið:

„þar sem þessir tíu hvalir, sem hafa verið skotnir með eitruðum sprengikúlum, allir hafa drepizt innan skamms, þá er sannreynt, að áhrif eitursins eru heilladrjúg, þegar þau eru borin saman við þau mörgu sár, sem þessar skepnur eru særðar með lendum og almennum sprengikúlum, án þess mönnum hafi tekizt að bana þeim”.

Hjð háa stjórnarráð sèr á þessu, að það er mjög svo ólíklegt, að menn missi af hval, sem hefir verið drepinn á eitri, ef rètt er farið með það. Það má enn fremur sjá á þessu, að ef að félagið afsalar sèr kost á að nota þessa aðferð, þá

1868.

27. marz.

byrgir það fyrir sér veg til að komast að marki sínu, sem eptir annara reynslu virðist vera viss. Með því að hin miklu sjóveldi hafa aðferð þessa, þá vonar félagið, að stjórnarráðið fari ekki að leggja bann fyrir, að vær einnig að voru leyti notum hana, því að, ef illa tækist til, gæti það komið félaginu á kaldan klakann, og vær Danir yrðum svo miklu harðara úti undan slíku banni, þar sem frakkneskum hvalveiðamönnum og öðrum útlendingum varla mundi verða bannað að drepa hvali úti á rúmsjó umhverfis strendurnar á Íslandi. Sè háskinn í raun og veru nokkur, þá mundi Íslendingum vera hann búinn mestur þaðan, því slíkir útlendingar mundu stunda veiði sína, án þess að láta neina auglýsingu eða aðvörun fara á undan, þar sem vær aptur vegna landa vorra þar norðurfrá meir en missiri á undan ekki að eins höfum látið út ganga auglýsingu og aðvörun, heldur þar á ofan lofað þóknun í peningum, er samsvari þeim parti af reknum hval, sem er eign strandabyggjanna.

Auglýsing var látin ganga út í fyrra, bæði á austurlandinu og vesturlandinu á Íslandi, og hver sem veit, með hvílíkum flýti þesskonar fregnir breiðast út á Íslandi, einkum um þann tíma árs, þegar allir vegir eru færir, þarf ekki að efast um, að hún hefir komið til eyrna hvers eins Íslendings, sem á heima nálægt sjó. Að fara nú, áður en nein tilraun hefir verið gjörð, að gefa þetta frá sér, og koma með nýja auglýsingu, mundi vera næsta árangurslaust, að því er snertir Íslendinga, og ef til vill hættulegt, þar sem þó ekki verður spornað við, að útlendir menn brúki eitur. Á vorin liggur landið undir snjó, í ánum er vatnavöxtur og allar samgöngur hartnær ómögulegar. Þeir sem byggja útkjálkana á Íslandi munu, þó vær nú tækjum auglýsinguna aptur, halda að hver hvalur, sem kann að reka, sè eitradur og hegða sér eptir því. Úr því svona er ástatt, virðist það vera gagnslaust að skuldbinda sig nú þegar til að hætta við að gjöra tilraunir þær, sem vær höfum áskilið oss í bréfi voru 7. þ. m., og það því fremur sem þessar tilraunir, samkvæmt því sem hér að framan er sagt, ekki munu stofna einum einasta manni á Íslandi í minnsta lífsháska, og það skulum vær leyfa oss að sýna enn ítarlegar fram á. Þar sem heilbrigðis-

1868.

27. marz.

ráðið segir, að boð félagsins um að gjöra fyrst tilraunir með nokkrum hvölum sé ekki full-tryggjandi, af því að það mundi þurfa langa runu af tilraunum og mjög yfirgripsmikla reynslu, til þess að komast að fastri niðurstöðu í þessu efni, þá verður ekki komið með neinar mótbárur á móti því, þegar lítið er á málið frá heilbrigðisráðsins sjónarmiði, en allt öðru máli er að gegna fyrir félagið. Vær leyfum oss því oss í hag að skýrskota til þeirra orða heilbrigðisráðsins: „að í eiturlöndu þeirri, sem á að nota við hvalaveiðarnar, sé ekki svo mikið af aðalefninu, strykni, í samanburði við líkamsstærð dýra þeirra, sem hún er ætluð, að neinn háski geti verið búinn af að neyta kjötsins af dýri því, sem drepð væri, og meira að segja, að menn mundu varla kenna eitursins að neinum mun, ef búizt yrði við, að það alveg samlagadist líkama dýrsins og dreifðist um hann allan“. Það sem gæti orðið hættulegt er þá að eins kjötið í sárinu og í kringum það, þar sem eitrið að heilbrigðisráðsins hyggju kynni að safnast fyrir. En ef nú yrði sýnt fram á, að það kjöt getur heldur ekki orðið hættulegt, þá verður ekki eptir nein hætta af að brúka eitrið. Sárið verður annaðhvort opið, ef að kúlan springur nokkuð utarlega, eða lokað, ef að hún springur innarlega í hvalnum.

Sé sárið lokað, byrjar rotnanin fjarskalega fljótt, einkum þar um, sem kúlan hefir sprungið og púðrið hefir gjört mikið að.

Sé sárið opið kemst sjórinn tálmunarlaust að og skolar burtu eiturögnunum, sem renna mjög fljótt.

Rotnanin byrjar svo miklu fljótar í þessum skepnum, þó að þær volkist um í sjónum, sökum þessa ógnarlega hita, sem myndast innan í þeim vegna stærðarinnar. Þegar vær höfum skorið hvali, höfum vær komið að raun um, að hitinn innan að er svo mikill, að áður en sólarhringur er liðinn frá því að hvalurinn var drepinn, er kjötið að innanverðu reglulega brunnið, svo að það er orðið að ösku-graut. Það getur ekki verið umtalsmál að hagnýta sér þetta kjöt, og því síður kjötið kringum sárið, þar sem kúlan hefir sprungið, sem enn þá meiri rotnan er í. Þegar Íslendingar hagnýta sér kjötið af reknum hval, skera þeir einungis hið yzta af, sem enn þá er stinnt og

1868.

27. marz.

nokkurnveginn ferskt, en sá hlutinn, sem vèr höfum talað um og orðinn er úldinn, er látinn verða eptir, og snerta hann hvorki menn nè skepnur. Það leiðir af þessu, að þó að Íslendingum þrátt fyrir advörun vora og auglýsingu dytti í hug að borða kjöt af svona eitruðum hval (en það gjöra þeir samt ekki), þá er ekki hætt við, að þeir nokkurn tíma bordi það, sem mest er eitrað. Ef að skýrsla heilbrigðisráðsins um eitrið þannig er borin saman við skýringar vorar, sem eru áreiðanlegar og byggðar á eigin reynslu, þá verður niðurstaðan sú, að Íslendingum er ekkert tjón að því, að hvalaveiðarnar sæu stundaðar á þann hátt, sem vèr höfum hugsað oss.

Eptir því, hvernig vèr höfum undirbúið málefni þetta og tekið í það til þessa, erum vèr sannfærðir um, að þó að tilraunir þær, sem rædt er um, sæu gjörðar, verði ekki með neinu móti lífi eins einasta Íslendings stofnað í minnsta háska, og vèr vonum því, að hinu háa stjórnarráði virðist sanngjarnt, að vèr ekki álitum vera nægar ástæður til að gefa alveg frá oss að brúka eitruð skeyti, en skýrskotum til þess, sem vèr höfum lofað í því efni í bréfi 7. þ. m.

Að endingu leyfum vèr oss að geta þess, að vèr vonum, að áhöld þau, er vèr nú förum með á hvalaveiðarnar, sæu í því standi, að það verði ekki umtalsmál að brúka eitur, en, á meðan málinu er svo komið sem nú er, að fara að skuldbinda sig til að brúka það ekki, væri árangurlaust fyrir Íslendinga, en kynni á hinn bóginn, ef til vill, að verða fèlaginu til mikils hnekkis.

4. Bréf hins konunglega heilbrigðisráðs til dómsmála-stjórnarinnar, dagsett 14. marzmánaðar.

Heilbrigðisráðið sendir hærmeð aptur bréf það, er því barst frá hinni heiðruðu dómsmálastjórn 3. þ. m., þar sem fiskifèlagið danska skýrir ítarlega frá um brúkun eitraðra skeyta til hvalaveiðanna í höfunum kringum Ísland, er það hefir í hyggju að taka upp.

Með því að hið heiðraða stjórnarráð hefir æskt álits heilbrigðisráðsins um þessa skýrslu fèlagsins, leyfir það sèr að geta þess, að það var búið, áður en það lét uppi hið fyrra álits-skjal sitt 18. f. m., að kynna sèr skýrslu þá, sem stendur

1868.
27. marz.

í tíðindum (comptes rendues) vísindafélagsins í París árið 1866, og sem er mjög ófullkomin að því er snertir það atriði málsins, sem heilbrigðisráðinu þykir mest í varið, svo að heilbrigðisráðið finnur ekki ástæðu til fyrir það, sem nú á ný er komið fram frá fiskiveiðafélaginu, að breyta álitu því, sem það hefir áður látið í ljósi um málið, að því leyti sem það frá sínu sjónarmiði á að leggja dóm á það.

28. marz.

15. Lög um fjárveiting til bráðabirgða, fjárhagsárið 1868—69.

Vér Kristján hinn Níundi o. s. frv., Gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. grein.

Þangað til að ríkisþingið er búið að ræða frumvarp það, er fyrir það hefir verið lagt, til fjárhagslaga fyrir fjárhagsárið frá 1. aprílmán. 1868 til 31. marzmán. 1869, og í síðasta lagi þangað til 1. maímán. þ. á., skal stjórninni veitt heimild til að láta til bráðabirgða borga öll nauðsynleg gjöld, sem uppá koma, samkvæmt ákvörðunum þeim, sem gilt hafa hingað til, en þó svo, að ekki sé farið út yfir aðalupphæðir þær og sérstakar gjaldagreinir, sem til eru færðar í tæðu lagafrumvarpi, og eins til að láta heimta saman skatta þá og gjöld, sem nú eru.

2. grein.

Lög þessi öðlast lagagildi 1. aprílmán. 1868.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gefið í Vorum konunglega aðsetursstað, Kaupmannahöfn 28. marzmánaðar 1868.